

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu fundaraðarinnar „Háskólinn og heimsmarkmiðin“. Haldið í Hátíðasal Aðalbyggingar 17. október 2019 kl. 12.00

Forsætisráðherra, góðir gestir

Ég vil byrja á að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin á þennan fyrsta fund í nýrri fundaröð Háskóla Íslands sem helguð er heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og kallast einfaldlega „Háskólinn og heimsmarkmiðin“.

Fyrirkomulag fundaraðarinnar verður með þeim hætti að eitt heimsmarkmið verður tekið fyrir í hvert sinn með því að framúrskarandi fræðimenn úr ólíkum greinum kryfja og ræða markmiðin og vandamálin og tækifærin sem þeim tengjast frá sem flestum hliðum.

Umfjöllun um hvert heimsmarkmið fer fram í formi opins fyrirlestrar, víðtækrar umfjöllunar á miðlum Háskóla Íslands og í fjölmiðlum, með myndböndum, hlaðvarpi sem Háskóli Íslands mun vinna, og með stuttum útdráttum eða áherslupunktum sem vísindamenn og fræðamenn vinna sjálfir. Allt þetta efni verður gert aðgengilegt á sérstakri síðu á vef Háskóla Íslands, hi.is/heimsmarkmidin.

Þetta metnaðarfulla verkefni er unnið í samstarfi Háskóla Íslands og Stjórnarráðsins og vil ég þakka forsætisráðherra og verkefnisstjórn Heimsmarkmiðanna fyrir frábært samstarf.

Heimsmarkmiðin eru í stuttu máli metnaðarfull og framsækin framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í þágu jarðarinnar og alls mannkyns. Markmið hennar er að útrýma fátækt og stuðla að friði, frelsi og sjálfbærni.

Ein af þeim áskorunum sem oft blasa við þegar við stöndum frammi fyrir risavöxnum verkefnum eins og þeim sem finna má í heimsmarkmiðunum er hvað þau virka stór og jafnvel óyfirstíganleg. Þannig má leiða líkum að því að ein af ástæðum þess að við höfum ekki náð meiri árangri í loftlagsmálum en raun ber vitni er máttleysið sem grípur okkur þegar við stöndum frammi fyrir því tröllaukna verkefni sem baráttan við loftslagsvána er. Og á þeim augnablikum eigum við til að spyrja, hvað get ég gert?

Það er einmitt þarna sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna koma inn sem svo mikilvægt tæki. Í þeim eru áherslur, stefna og aðgerðir sem við getum öll speglað okkur í, sem einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök eða jafnvel sem þjóð.

Með heimsmarkmiðunum er komið fram stýritæki sem getur auðveldað okkur öllum að róa í sömu átt. En það er til lítils að róa í sömu átt nema allir leggist á árarnar. Þess vegna þurfum við öll að skora okkur sjálf á hólmgöngu og taka af skarið. Þannig bútum við niður fílinn og náum þeim markmiðum sem áður hafa virst óyfirstíganleg en eru í raun innan seilingar, ef við leggjumst öll á eitt.

Það er lykilatriði í stefnu Háskóla Íslands að þekkingarsköpun og rannsóknir við skólann hafi víðtæk áhrif og séu nýttar til að takast á við þær flóknu áskoranir sem Ísland og heimurinn standa frammi fyrir. Forsenda þess að Ísland geti lagt lóð á vogarskálarnir við að ná heimsmarkmiðunum er öflug þátttaka háskólasamfélagsins.

Og við getum verið stolt af því mikla og fjölbreytta starfi innan Háskóla Íslands sem nú þegar er unnið í kennslu og rannsóknum og varðar heimsmarkmiðin með beinum og óbeinum hætti.

Svo tekin séu fáein dæmi eru við Háskóla Íslands stundaðar metnaðarfullar rannsóknir á lífríki hafsins, sem er undirstaða eins okkar mikilvægasta atvinnuvegar, þar sem sjónum er m.a. beint að breytingum á lífsskilyrðum vegna hlýnunar og súrnunar sjávar.

Við Háskólann eru einnig stundaðar rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki í fersku vatni þar sem m.a. kemur fram að samfara aukinni hlýnun dregur úr fjölbreytni tegunda.

Hér eru einnig stundaðar margvíslegar rannsóknir á fjölmenningu, menntamálum, jafnrétti, heilsu, velferð, réttlæti, jöfnuði, siðfræði, sjálfbærni, nýsköpun, innviðum, neyslu, orku, næringu, atvinnulífi og hagvexti – en þetta eru allt rannsóknasvið sem tengjast heimsmarkmiðunum.

Og svona mætti lengi telja. En það er ekki bara í rannsóknum sem Háskóli Íslands lætur að sér kveða. Við viljum líka að heimsmarkmiðin nái í gegn í kennslunni.

Í því sambandi má nefna nýtt þverfræðilegt námskeið Kveikju, sem er í undirbúningi þar sem grunnemar munu öðlast aukna færni og skilning á áskorunum samtímans í anda heimsmarkmiðanna – um leið og þeir vinna að sameiginlegum lausnum, þvert á námsleiðir í samstarfi við öfluga fræðimenn úr Háskólanum og sérfræðinga úr atvinnulífinu. Þannig fá nemendur skarpari sýn á eigin styrkleika og efla með sér nýsköpunar- og frumkvöðlahugsun.

En við viljum ganga lengra. Því tel ég koma sterklega til álita að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði eitt af leiðarljósum í undirbúningi nýrrar stefnumótunar Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026. Með þessu yrði tryggt að heimsmarkmiðin yrðu samþattuð öllu starfi Háskólans í kennslu og rannsóknum.

Til þess að þetta geti orðið að veruleika þarf víðtækt samráð meðal starfsfólks og stúdenta skólans og ríkt samstarf við íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Öflugt háskólasamfélag eins og hér er hefur allar forsendur til þess að geta mætt af krafti þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Og við munum ekki skorast undan.

En nú vil ég bjóða næsta í pontu, forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur.